

Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018, afgreiðsla fyrri hluta

Til : Ragnheiður Stefánsdóttir
Frá : Erna Björk Ásbjörnsdóttir
Heiti : Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018, afgreiðsla fyrri hluta
Málsnúmer : 1412209
Málsaðili : Samtök sveitarfél höfuðborgarsv
Skráð dags : 22.04.2015 08:05:38
Höfundur : Samtök sveitarfél höfuðborgarsv
Viðhengi : [Throunaraetlun 2015-2018 samthykkt i ssk 17.04.2015.pdf](#)

From: Hrafnkell Á. Proppé [mailto:hrafnkell@ssh.is]

Sent: 21. apríl 2015 16:36

To: Anna Kristín Guðmundsdóttir; betath@kopavogur.is; Garðabær; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; Oddviti@kjos.is; postur@seltjarnarnes.is; radhus@reykjavik.is

Subject: 1501008 - Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018, afgreiðsla fyrri hluta

Sæl verið þið - samhljóða bréf hefur verið sent á öll aðildarsveitarfélög SSH.

Svæðisskipulagsnefnd hefur unnið tillögu að fyrstu þróunaráætlunar höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða fyrri hluta áætlunar sem nær til áráanna 2015-2018. Í henni kemur fram að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gera ráð fyrir að 7.500 nýjar íbúðir verði fullbúnar á næstu fjórum árum. Jafnframt sýna greiningar á stöðu húsnæðismarkaðarins að nú vanti um 1.200 íbúðir á markaðinn til að hann sé í jafnvægi. Áform sveitarfélaga munu mæta fjölgun íbúa næstu fjögur árin m.t.t. mannfjöldaspár. Greining þróunaráætlunar dregur einnig fram að leiða má líkum að því að staðan á íbúðamarkaðnum sé farin að hamla eðlilegum vexti höfuðborgarsvæðisins og að húsnæðismarkaðurinn sé ekki að mæta þörf ungs fólks sem er að stíga sín fyrstu skref í húsnæðismálum nægjanleg vel.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum þann 17. apríl 2014 að senda tillögu sína að fyrri hluta þróunaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015-2018 til afgreiðslu hjá sveitarfélögunum og að sveitarfélögin taki mið af þróunaráætluninni í sínum aðgerðum í skipulags- og byggingarmálum.

Jafnframt bendir svæðisskipulagsnefnd á mikilvægi þess að gripið sé til samræmdra aðgerða sveitarfélaga, ríkis og byggingaraðila til að mæta þörf þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaðnum sem kaupendur eða leigjendur.

Svæðisskipulagsnefnd áréttar mikilvægi þess að fylgst verði með framvindu húsnæðismarkaðarins og þannig að hægt sé að bregðast við í tíma verði þróunin önnur en áætlanir sýna. Mikilvægt er að sveitarfélögin tryggji að svæðisskipulagsnefnd og skrifstofa SSH hafi bolmagn til að sinna því hlutverki sínu í samræmi við markmið 1.2 og 6.1 í tillögu að nýju svæðisskipulagi.

Óskað er eftir því að afgreiðsla þróunaráætlunar verði flýtt sem kostur er en hún mun fylgja tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til Skipulagsstofnunar.

Undirritaður veitir frekari upplýsingar um málið sé þess þörf.

Virðingarfyllst,

image003.jpg

Hrafnkell Á. Proppé
svæðisskipulagsstjóri

Fylgigögn:

Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018

--

Hrafnkell Á. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Sími / Tel : (354) 580 1782 / (354) 892 2698

Director of Regional Planning

Association of Municipalities in the Capital Area

image004.jpg

Fyrirvari um tölvupóstsendingar